

## 81. Guðmundur Ingi Guðbrandsson (Innlæg)

Forseti. Kæru norrænu kollegar og vinir. Ég vil byrja á að færa ykkur mjög góða kveðju frá utanríkisráðherra Íslands, Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur, en hún átti ekki heimangengt. Ég vil þakka þér, Anniken, fyrir að veita norræna utanríkisráðherrasamstarfinu formennsku á miklum óvissutímum. Allt frá því að reglubundið samráð og samstarf norrænu utanríkisráðherranna hófst fyrir meira en 50 árum hefur það verið framúrskarandi gott og náíð. Nú þegar sviptingar eru í alþjóðamálum og stríð geisar í Evrópu er ómetanlegt að eiga þetta samstarf sem einkennist af djúpri vináttu og trausti.

Forseti. Öryggisumhverfi okkar hefur tekið stakkaskiptum frá því að Noregur tók við forystu í samstarfi norrænu utanríkisráðherranna í ársbyrjun. Framganga Pútíns Rússlandsforseta hefur grafið bæði undan svæðisbundnu og alþjóðlegu öryggi. Einarður stuðningur bandalagsþjóða og lýðræðisríkja við Úkraínu er nauðsynlegur til að tryggja að áfram gildi sömu reglur um stór ríki og smá ríki. Þau grunnildi mannréttinda og lýðræðis sem við deilum og endurspeglast í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna eru grundvöllur fjölþjóðakerfisins og kjarninn í norræna líkaninu. Á þeim stöðum hefur að mestu leyti ríkt friður í Evrópu allt frá síðari heimsstyrjöld þar til nú, þegar ólöglegt innrásarstríð geisar. Friðurinn er forsenda þess félagslega auðs og velsældar sem byggst hefur upp á undanförunum 70 árum.

Í formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, líkt og forsætisráðherra okkar kynnti í gær, vill Ísland leggja áherslu á frið og á næsta ári hyggjumst við m.a. efna til alþjóðlegrar ráðstefnu um það málefni.

---

Forseti. Markvisst hefur verið grafið undan frelsi og mannréttindum um allan heim og víða hafa völdin færst á færri hendur. Stríðið í Úkraínu hefur enn aukið á þrautir fólks og dýpkað þá erfiðleika sem að heiminum steðjuðu í kjölfar heimsfaraldurs og loftslagsbreytinga. Gleymum því ekki að loftslagsbreytingar eru líka drifkraftur félagslegs óstöðuleika.

Forseti. Til að alþjóðakerfi standi af sér storminn er nauðsynlegt að um það ríki sátt og að ríki heims sjái sér hag í að virða þær reglur sem aðild þeirra að Sameinuðu þjóðunum felur í sér. Norðurlöndin leggja sitt af mörkum til að bæta lífskjör fólks um allan heim. Við stöndum saman í baráttunni við loftslagsvána og við göngum fram með góðu fordæmi. Norðurlöndin eru kyndilberar frelssis, mannréttinda, jafnréttis og sjálfbærra lausna. Þau eru brúarsmiðir í alþjóðasamfélaginu og sjaldan hefur verið jafn rík þörf og á slíkri norrænni smíði. —Takk fyrir orðið.

## **Skandinavisk oversettelse**

President! Kära nordiska kollegor och vänner! Jag vill börja med att hälsa mycket varmt från Islands utrikesminister, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, som inte kunde närvara här i dag. Jag skulle vilja tacka dig, Anniken, för att leda samarbetet mellan de nordiska utrikesministrarna i dessa osäkra tider. Under hela den tid som förflutit sedan de nordiska utrikesministrarnas regelbundna samråd och samarbete började för mer än 50 år sedan har det samarbetet varit enastående bra och nära. När vi nu upplever omvälvningar i internationella relationer och ett krig rasar i Europa är det ovärderligt att ha ett sådant samarbete som kännetecknas av djup vänskap och tillit.

President! Vår säkerhetssituation har ändrats radikalt sedan Norge tog över ledningen för de nordiska utrikesministrarnas samarbete i början av året. Den ryska presidenten Putins agerande har underminerat både den regionala och den internationella säkerheten. Allierade nationers och demokratiska staters osvikliga stöd till Ukraina är en nödvändig förutsättning för att säkra att samma regler fortsätter att gälla för alla länder oavsett storlek. Våra gemensamma grundläggande värden i fråga om mänskliga rättigheter och demokrati, som också återfinns i Förenta

---

nationernas stadga, utgör grunden för det multinationella systemet och samtidigt den nordiska modellens kärna. Med stöd av dessa pelare har freden i stort kunnat bevaras i Europa sedan andra världskriget ända tills i dag, då ett olagligt anfallskrig har brutit ut. Freden är förutsättningen för den sociala rikedom och det välstånd som vi har kunnat bygga upp under de senaste 70 åren.

Under Islands ordförandeskap i Nordiska ministerrådet vill vi prioritera fredsfrågan, som vår statsminister sade i sin presentation i går, och under nästa år kommer vi bl.a. att organisera en internationell konferens om detta tema.

President! Frihet och mänskliga rättigheter har motarbetats på ett systematiskt sätt i alla delar av världen och på många håll har makten koncentrerats i händerna på ett fåtal. Kriget i Ukraina har utsatt människor för ännu svårare plågor än förut och fördjupat de globala problem som redan fanns i form av pandemin och klimatförändringarna. Vi får inte glömma bort att klimatförändringarna också driver på social instabilitet.

President! För att det globala systemet ska överleva krisen måste det finnas enighet om det, och länder världen över måste inse att det ligger i deras eget intresse att respektera reglerna som medlemskap i Förenta nationerna innebär. De nordiska länderna arbetar för att förbättra levnadsvillkoren för människor globalt. Vi står samman i kampen mot klimathotet och försöker vara en bra förebild. Norden är fackelbärare för frihet, mänskliga rättigheter, jämställdhet och hållbara lösningar. Norden bygger broar i det globala samhället, och behovet för ett sådant nordiskt byggande har sällan varit större än precis nu. —Tack för ordet.

Talenummer

81

Type

Indlæg

Person

[Guðmundur Ingi Guðbrandsson](#)

Status

Waiting for transcription

Dato

02.11.22 09:11

